

ráða, og leggja rækt við það. Því gjörspillingu mannlegs eðlis — að ekkert gott sé til hjá nokkrum manni — sé vísindin fyrir löngu búin að hrekja og reka til baka í skaut móður sinnar, — orþódoxu kyrkjunnar.

Dr. Eliot hefir jafnan verið öruggur talsmaður unitarískra skoðana og látið sér mjög annst um velgengni þeirrar hreyfingar. Hann hefir sjálfur haldið ótal ræður um þau mál og jafnan verið boðinn og búinn að bera ábyrgðina.

Undir stjórn hans hefir háskólinn blómgastr ári frá ári. Á síðastliðnum fimm árum hafa mörg ný kennaraembætti verið skipuð og byggingar reistar, er alls nemur yfir 5 milljónir doll. — Það var og meðfram fyrir hans forsjá, að Vilhjálmur Þýskalands keisari gaf þangað safn af þýzkum listaverkum og leirsteypum, svo að listasafnið þar er með þeim auðugri í landinu.

Dr. Eliot hefir verið ásakaður um það, að hann drægi taum auðvaldsins á móti verkalýðnum, en sú ákæra á við ekkert að styðjast. Hann hefir látið í ljósi ótrú sína á ýmsum verkamanna félögum, er með ýmsum samþykktum sínum eru búin að taka svo algjörlega ráðin af einstaklingnum, að hann er orðinn í engu meira sjálfs sín ráðandi en vinnudýrið, sem beitt er fyrir plöginn. Það er sitt hvað, að halla á verkamanninn eða reyna að aftra því, að illa sé farið með hann af skrílshöfðingjum; en það er það verk, er hann hefir reynt að vinna. Máli verkamannsins og fátæklingsins hefir hann oft talað, og sagst vel.

Dr. Samuel Atkins Eliot.

Dr. Samuel Atkins Eliot er fæddur í Cambridge Mass. 24. ágúst 1862. Hann er sonur Charles W. Eliot forseta Harvard háskólans. — Hann útskrifaðist frá Harvard vorið 1884 úr vísinda og tungumála deildinni og innritaðist þá við guðfræðisskólann. Faðir hans, er jafnan hefir sýnt vakandi áhuga fyrir upp-